

11. nóvember 2025

Mál nr. 2/2025

Áfrýjunardómstóll ÍSÍ

Dansfélag Reykjavíkur

gegn

Ragnari Sverrissyni

Með bréfi dagsettu 22. september sl. krafðist áfrýjandi, Dansfélag Reykjavíkur þess að dómi dómstóls ÍSÍ í máli nr. 8/2025 sem kveðinn var upp 16. september 2025 yrði hrundið og breytt á þá leið að öllum kröfum stefnda yrði hafnað. Þá var krafist málskostnaðar fyrir dómstól ÍSÍ og Áfrýjunardómstóli ÍSÍ. Af hálfu stefnda, Ragnars Sverrissunar, var þess krafist að dómur dómstóls ÍSÍ yrði staðfestur auk málskostnaðar.

Málið var dómtekið 3. nóvember sl. eftir að aðilar höfðu gert grein fyrir sjónarmiðum sínum.

II

Stefndi hefur ítrekað óskað eftir endurnýjun á svokölluðu WDSF skírteini sem er forsenda þess að hann geti tekið þátt í keppnum á vegum World Dance Sport Federation (WDSF). Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort áfrýjandi hafi með skráningu og greiðslu æfingagjalda öðlast aðild að Dansfélagi Reykjavíkur og hvort synjun félagsins á aðild hans hafi verið lögmæt. Um málavexti að öðru leyti vísast til hins áfrýjaða dóms.

Við meðferð málsins fyrir Áfrýjunardómstólnum óskaði áfrýjandi eftir því að leggja fram gögn sem varða meinta óviðurkvæmilega háttsemi stefnda. Mál þetta eins og það liggur fyrir dómnum er ekki þannig vaxið að það lúti að því hvort tiltekinn háttsemi eigi að útiloka stefnda frá félagsstarfi á grundvelli brota á lögum og reglum íþróttahreyfingarinnar, samkvæmt e. lið í grein 5.2. í lögum ÍSÍ. Umræddri framlagningu gagna var því hafnað. Sú synjun felur ekki í sér að þessi gögn geti ekki komist að síðar þegar og ef efnisleg afstaða verður tekinn til þess hvort stefndi hafi gerst brotlegur við lög og reglur íþróttahreyfingarinnar með þeim hætti að útiloka eigi hann frá félagsstarfi.

III

Það er meginregla að aðild að félögum innan Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands sé ávallt frjálst öllum þeim sem gangast undir lög og reglur félagsins, sbr. fyrsta málslíð e-liðar greinar 5.2 í lögum ÍSÍ. Í ákvæðinu er jafnframt kveðið á um undanþágu frá þeirri meginreglu. Ákvörðun um að synja um þátttöku á grundvelli þessa ákvæðis verður að byggja á eðlilegum málsmeðferðarreglum og vera fyrirfram afmarkaður ákveðinn tími, enda um afar íþyngjandi ákvörðun að ræða. Sá sem synjunin beinist gegn verður jafnframt að geta borið ákvörðunina undir dómstóla.

Með vísan til þessa og að öðru leyti til forsendna hins áfrýjaða dóms verður niðurstaða hans staðfest.

Dómur

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Málskostnaður dæmist ekki.

V.R. Guðn.

Julda í-ræðötti-

Edga Melkorka Ottarsdóttir